

Nd. **975. Breytingartillaga** [475. mál]

við frv. til l. um ríkislögmann.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Embætti ríkislögmanns er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir dómsmálaráðherra.

Forseti Íslands skipar ríkislögmann til 6 ára í senn. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Hann skal enn fremur hafa réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti.